

## Innflutningur hunda/katta í eigu flóttafólks frá Úkraínu

Sérstök undanþága er í gildi um innflutning hunda og katta í eigu flóttafólks frá Úkraínu sbr [reglugerð nr. 590/2022 um innflutning hunda og katta frá Úkraínu](#). Undanþágan felur í sér að flóttafólk frá Úkraínu getur flutt gæludýr sín til Íslands þó þau hafi ekki uppfyllt heilbrigðisskilyrði fyrir innflutning skv. reglugerð nr. 200/2020. **Heilbrigðisskilyrði skulu uppfyllt eftir komuna til landsins og dvelja dýrin í allt að fjögurra mánaða einangrun á meðan ferlinu stendur.** Um er að ræða bólusetningar, sýnatökur og meðhöndlun gegn sníkjudýrum.

- Þessi undanþága gildir eingöngu um hunda og ketti sem eru í eigu flóttafólks frá Úkraínu sem sótt hefur um alþjóðlega vernd á Íslandi.
- Allir hundar og kettir frá Úkraínu skulu fara í einangrun en lengd dvalar í einangrun tekur mið af því hvaða heilbrigðisskilyrði dýrin hafa uppfyllt þegar þau koma til landsins.
- Nauðsynlegt er að sækja um leyfi til innflutnings til Matvælastofnar áður en dýrið er flutt til landsins.
- Matvælastofnun úthlutar dýrinu plássi í einangrun svo fljótt sem auðið er.

### Umsókn um leyfi til innflutnings

Nauðsynlegt er að sækja um innflutningsleyfi til MAST áður en dýrið er flutt til landsins þar sem takmarkað pláss er í einangrun. Sækja skal um með því að senda útfyllta umsókn (umsókn DCU) til [petimport@mast.is](mailto:petimport@mast.is). Umsókn skal fylgja fyrirliggjandi gögn um heilsufar dýrsins, svo sem dýralæknisvottorð eða heilsufarsbók þar sem fram koma upplýsingar um auðkenni dýrs, bólusetningar o.fl. Einnig skal leggja fram mynd af dýrinu.

Í kjölfar mats á heilsufarsgögnum er gerð áætlun um hve lengi dýrin skulu dvelja í einangrun og hvaða meðhöndlunir, bólusetningar, sýnatökur oþh skulu fara fram og hvenær.

### Einangrun

Einangrunarstöð fyrir gæludýr í eigu flóttafólks frá Úkraínu er á Leirum, Kjalarnesi.

Matvælastofnun úthlutar plássi í einangrun. Þá er tekið mið af því hvaða heilbrigðisskilyrði dýrin hafa uppfyllt þegar þau koma til landsins og hversu langrar einangrunar er þörf. Dýrið undirgengst bólusetningar, sýnatökur og meðhöndlun þar til það uppfyllir öll heilbrigðisskilyrði. Dvöl í einangrun er að lágmarki 14 dagar en það getur tekið allt að 120 daga að uppfylla öll heilbrigðisskilyrði. Einangrun getur því orðið um 4 mánuðir. Komi upp óvænt smit í stöðinni gæti þurft að framlengja einangrun.

Hvert dýr hefur sér rými og getur farið út alla daga. Köttum sem eru vanir útivist er hleypt í útibúr þegar niðurstöður sníkjudýrarannsóknna liggja fyrir. Þjálfað starfsfólk annast dýrin, sér þeim fyrir afþreyingu og fylgist með líðan og heilsufari. Dýralæknir einangrunarstöðvarinnar skoðar öll dýr í upphafi einangrunar og með reglulegu millibili og er auk þess ávallt tiltækur ef þörf krefur.

Eftir a.m.k. þriggja vikna dvöl í einangrun er innflytjanda dýrsins heimilt að heimsækja það einu sinni í viku á einangrunarstöðina. Ráðstafanir vegna heimsóknna skal gera tímanlega í samráði við starfsfólk stöðvarinnar.

## Heilbrigðisskilyrði

Eftirfarandi heilbrigðisskilyrði skulu uppfyllt annað hvort áður eða eftir komuna til landsins. Dýr sem hafa ekki uppfyllt öll heilbrigðisskilyrði við komuna til landsins dvelja í einangrun þar til því ferli er lokið. Það getur tekið allt að 120 daga.

### Heilbrigðisskilyrði hunda

- Örmerking
- Bólusetning gegn hundaæði (við lágmark 12 vikna aldur).
- Mótefnaeining m.t.t. hundaæðis í fyrsta lagi 30 d eftir bólusetningu – niðurstöður a.m.k. 0,5 a.e./ml
- 90 dögum eftir blóðprufu v/mótefnaeiningar eru skilyrði vegna hundaæðis uppfyllt
- Bólusetning gegn leptospírúsýkingu, hundafári, smitandi lifrabólgu, smáveirusótt og parainflúensu.
- Blóðrannsókn v/*Brucella canis* með neikvæðri niðurstöðu.
- Blóðrannsókn v/*Leishmania spp.* með neikvæðri niðurstöðu (gildir um ógelda hunda). Ef niðurstaða er jákvæð er fyrirvari á innflutningsleyfi að dýrið verði gelt strax að dvöl í einangrun.
- Tvær meðhöndlunir gegn innri og ytri sníkjudýrum með 14 daga millibili. Meðhöndlunin skal ná til innvortis sníkjudýra; þráðorma, bandorma og útvortis sníkjudýra; lúsa, flóa og stórmítla.
- Heilbrigðisskoðun: dýralæknirinn skal staðfesta að dýrin séu án ytri sníkjudýra og einkenna smitsjúkdóma. Sérstök skoðun m.t.t. tunguorma (*Linguata serrata*), kláðamítla (*Sarcoptes scabiei* spp.) húðsveppa (*M. canis*, *M. gypseum*, *T. mentagrophytes* og *T. verrucosum*) og smitandi kynfæraæxla (CTVT)

### Heilbrigðisskilyrði katta

- Örmerking
- Bólusetning gegn hundaæði (við lágmark 12 vikna aldur).
- Mótefnaeining m.t.t. hundaæðis í fyrsta lagi 30 d eftir bólusetningu – niðurstöður a.m.k. 0,5 a.e./ml
- 90 dögum eftir blóðprufu v/mótefnaeiningar eru skilyrði vegna hundaæðis uppfyllt
- Bólusetning gegn kattafári, kattaflensu, kattakvefi.
- Blóðrannsókn v/FelV (kattahvítblæðis) með neikvæðri niðurstöðu.
- Blóðrannsókn v/FIV (kattaeyðniveiru) með neikvæðri niðurstöðu.
- Tvær meðhöndlunir gegn innri og ytri sníkjudýrum með 14 daga millibili. Meðhöndlunin skal ná til innvortis sníkjudýra; þráðorma, bandorma og útvortis sníkjudýra; lúsa, flóa og stórmítla.
- Heilbrigðisskoðun: dýralæknirinn skal staðfesta að dýrin séu án einkenna um ytri sníkjudýr og smitsjúkdóma. Sérstök skoðun m.t.t. tunguorma (*Linguata serrata*), kláðamítla (*Sarcoptes scabiei* spp.) húðsveppa (*M. canis*, *M. gypseum*, *T. mentagrophytes* og *T. verrucosum*).

**Dæmi um lengd einangrunar að teknu tilliti til hvaða skilyrði hafa verið uppfyllt við komuna til landsins:**

**Dæmi 1**

- Öll heilbrigðisskilyrði uppfyllt (hefðbundinn innflutningur skv. reglugerð nr. 200/2020)
- Einangrun: 14 dagar

**Dæmi 2**

- Öll heilbrigðisskilyrði uppfyllt að undanskilinni fullri 90 daga bið eftir mótefnamælingu
- Einangrun/framhaldseinangrun: allt að 90 dagar, m.t.t. hvenær blóðsýnataka vegna mótefnamælingar fór fram.

**Dæmi 3**

- Dýr eru örmerkt og bólusett gegn hundaeði við komu, en mótefnamæling hefur ekki farið fram, né önnur skilyrði uppfyllt skv. 12. gr. reglugerðar nr. 200/2020.
- Einangrun/framhaldseinangrun: 90-120 dagar (fer eftir því hvenær hundurinn var bólusettur gegn hundaeði).

**Dæmi 4**

- Dýr eru ekki örmerkt né bólusett gegn hundaeði við komu (örmerking er nauðsynleg forsenda að bólusetning gegn hundaeði sé tekin gild og skal því framkvæma fyrir eða samtímis.).
- Einangrun/framhaldseinangrun: lágmark 120 dagar

**Innflutningseftirlit og flutningur í einangrunarstöð.**

Við komu til Keflavíkurflugvallar eru gæludýrin flutt í móttökustöð gæludýra þar sem innflutningseftirlit fer fram sem felur í sér klíniska skoðun á dýrinu og gagnaskoðun. Að loknu innflutningseftirliti eru dýrin afhent viðurkenndum flutningsaðila sem flytur þá í einangrunarstöð.